

Nefnd um atvinnumál

Fundur var haldinn í nefnd um Atvinnumál hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 24. september 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnabúð, og hófst fundurinn kl. 15:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir, Ellý Þorsteinsdóttir, Markús H. Guðmundsson, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir og Guðfinnur Þór Newman.

Jórunn Frímannsdóttir Jensen boðaði forföll.

Hallur Páll Jónsson Mannauðstjóri og Anna Kristinsdóttir Mannréttindastýra mættu á fundinn.

Þetta gerðist:

Atvinnuleysistölur í Reykjavík eftir kyni og pósthúsnúmerum lagðar fram.

1. Leiðbeinandi viðmið um forgangsörðun í atvinnumálum

Rætt um nauðsyn þess að leita eftir viðhorfum hjá stærstu viðsemjendum borgarinnar. Ákveðið að boða fulltrúa frá Eflingu, BSRB og BHM til fundar í næsta viku. Hallur Páll situr þann fund með fulltrúum Atvinnumálanefndar.

Rætt um aðkomu Reykjavíkurborgar að átaksverkefnum í samvinnu við Vinnumálastofnun. Helst horft til fjárfestinga og mannaflsfrekra framkvæmda. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur þegar samþykkt 25 verkefni fyrir 35 starfsmenn og því möguleiki fyrir borgina að koma að þeim verkefnum. Reynt var að nota skógræktaráttak en ekki gekk sem skyldi að manna þær stöður. Þó fengust 60 ungmenni til starfa.

Óskað eftir að Mannauðsskrifstofa geri kostnaðarmat vegna ýmissa átaksverkefna á mismunandi sviðum.

Rætt um skilgreiningu á átaksverkefnum.

Ellý lagði fram tölum frá Velferðarsviði um þróun fjárhagsaðstoðar Langmest fjölgun hjá einhleypum körlum og fjölgun í 18-19 ára og 60- 66 ára hópum er hlutfallslega mest.

Mikilvægt að sporna við því að fólk þurfi að þiggja fjárhagsaðstoð til langs tíma.

Frá fyrra ári er 50% aukning á þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð.

Velferðarsvið hefur þegar listað velferðarúrræði og því skynsamlegt að Atvinnumálanefnd skoði í tengslum við .

Anna Kristinsdóttir ræddi stöðu fatlaðra hjá Reykjavíkurborg.

Fram kom að erfitt sé að kortleggja hópinn án skilgreininga. Fatlaðir einstaklingar sem eru á samningi hjá TR hafa alla jafna ekki fengið fastráðningu. Vöktun þessara mála úti á sviðunum.

Vikið var að stöðu einhleypra karla í hópi innflytjenda sem eru án ríkisfangs. Staða þessa hóps er sérstaklega slæm því þegar sótt er um fjárhagsaðstoð þá lengist sá tími þar til viðkomandi hefur möguleika á ríkisfangi. Þess vegna sækja þeir ekki um fjárhagsaðstoð.

Einhleypir karlar fá afgreiðslu einu sinni í mánuði hjá Mæðrastyrksnefnd meðan aðrir fá úthlutað vikulega.

Áhyggjuefni ef þessir aðilar geta ekki sótt sér aðstoð vegna framfærslu.

Rætt um mikilvægi þess að móta stefnu borgarinnar í að verja stöðu þeirra hópa sem standa höllum fæti.

2. Austurbær

Skv. afgreiðslu Borgarráðs er ekki vilji til þess að halda áfram með Austurbæ. Lagt til að fulltrúar Hins Hússins.

Fundi slitið kl. 16:30.